



## 48. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni

haldinn á skrifstofu skólameistara þriðjudaginn 7. desember 2004, kl. 09.45

Fundinn sátu nefndarmenn Sigurður Ingi Jóhannsson, Edda Antonsdóttir og Ragnar Sær Ragnarsson. Fltr. kennara Hilmar J. Bragason, fltr. nemenda María Þórunn Jónsdóttir, skólameistari Halldór Páll Halldórsson og aðstoðarskólameistari Páll M Skúlason.

Gunnar Þorgeirsson og Margrét Einarsdóttir voru forfölluð.

Fundarefni:

1. Ný skólanefnd tekur til starfa. Kosning formanns í samræmi við ákvæði 6. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996
2. Ársreikningur skólans 2003 frá Ríkisendurskoðun
3. Reikningskil mötuneytisins 2003-2004
4. Fjárhagsáætlun skólans vegna ársins 2005
5. Framkvæmdir.
6. Héradsskólalúsið, staða og framtíð
7. Daglegt skólastarf – nemendatölur, starfsmannamál, o.fl.
8. Önnur mál.

### 1. Ný skólanefnd tekur til starfa. Kosning formanns í samræmi við ákvæði 6. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996 (fskj. 1)

Nýja skólanefnd skipa:

Edda Antonsdóttir, Hvolsvelli, án tilnefningar

Gunnar Þorgeirsson, Ártanga, SASS

Margrét Einarsdóttir, Skógum, SASS

Ragnar Sær Ragnarsson, Reykholti, án tilnefningar

og Sigurður Ingi Jóhannsson, Syðra-Langholti, án tilnefningar.

Varamenn eru:

Eiríkur Ágústsson, Flúðum, án tilnefningar

Halldóra Þorvarðardóttir, Fellsmúla, án tilnefningar

Magnús Karel Hannesson, Eyrabakka, SASS

Óli Rúnar Ástþórsson, án tilnefningar

Sædís Íva Elíasdóttir, Vík, SASS

Skólameistari setti fund, bauð nýjan fulltrúa í nefndinni, Eddu Antonsdóttur sérstaklega velkomna, og stýrði síðan kjöri nýs formanns nefndarinnar. Hann lagði til að Sigurður Ingi Jóhannsson verði formaður áfram og var það samþykkt. Síðan tók nýr formaður við fundarstjórn.

### 2. Ársreikningur skólans 2003 frá Ríkisendurskoðun.

Skv lagði fram rekstrarreikning skólans vegna 2003. (fskj.2) Í því samb. gerði hann grein fyrir mistökum sem gerð voru hjá ráðuneyti vegna nemendauppgjörs þar sem nemendur voru vantaldir um 33 og sem á að bæta skólanum. Þá á starfslokagreiðsla vegna eins starfsmanns einnig að bætast við fjárframlag vegna yfirstandandi árs.

Skv. rekstrarreikningnum var halli ársins 14.056.049.

### **3. Reikningsskil mötuneytisins 2003-2004**

Skm. lagði fram ársreikning mötuneytis ágúst 2003-júlí 2004, skýrði hann og svaraði fyrirspurnum. (*fskj. 3*)

Fram kom að skýring á lækun tekna vegna selds fæðis milli 2003-4 og 2002-3 skýrist annars vegar af framkvæmdum á Laugarvatni og seldu fæði í tengslum við það á fyrra tímabilinu og hinsvegar vegna fækkunar nemenda.

Skv. reikningnum var hagnaður ársins kr. 2.385.148

Skuld nemenda við mötuneytið í lok júlí var kr. 4.982.290 og er það nokkur lækun frá síðasta ári.

Aðrar skammtímakröfur skýrast að stærstum hluta af lager í bóksölu.

Laun í mötuneyti eru mikið til óbreytt milli ára.

Sú breyting hefur verið gerð að grunn gjald þvottahúss hefur verið fært inn í heimavistargjald.

Skm. kvað eðlilegt að til að borð sé fyrir báru í rekstri mötuneytisins sé eðlilegt að reka það þannig að rekstrarafgangur sé sem næst 1.500.000 á hverju ári og miðist endurgreiðslur til nemenda við það, þegar um slíkt er að ræða. Hann lagði síðan til við nefndina að þessi viðmiðun skuli viðhöfð. Nefndin samþykkti tillöguna.

Skm. greindi frá því að gjaldkeri mötuneytisins er um þessar mundir að afla upplýsinga hjá sambærilegum mötuneytum um flesta þætti sem lúta að rekstri þeirra.

Skólanefnd samþykkti loks reikninginn að loknum umræðum.

### **4. Fjárhagsáætlun skólans vegna ársins 2005**

Skm. lagði fram Fjárhagsáætlun 2005 – samandregnar niðurstöðutölur viðfanga. (*fskj.4*) og fylgdi henni úr hlaði. Áætlunin hljóðar upp á kr. 114.700.000. Skv fjárlögum eru skólanum ætlaðar kr. 115.900.000 þannig að gert er ráð fyrir rekstrarafgangi kr. 1.200.000.

Skólinn fær sérstaka aðstoð vegna viðvarandi hallareksturs undanfarin ár með því að honum er reiknuð hærri viðmiðunartala nemenda (161).

Fram kom hjá skm. að hlutfall annars rekstrar er áætlaður allt of lágt í minni framhaldsskólum og hefur stjórnvöldum verið bent ítrekað á það.

Skm telur raunhæft að hægt verði að standa við þessa áætlun.

Nokkrar umræður urðu um brottfall í þessum skóla og skólum almennt. Fram kom að etv skortir upplýsingar um hve mikið brottfall er að jafnaði í þessum skóla frá 1. ári til lokaprófs.

Eftir umræður samþykkti skólanefnd áætlunina.

### **5. Framkvæmdir.**

Skm fylgdi úr hlaði. Fjallaði um framkvæmdir sem eru í gangi í Héraðsskólahúsinu og fyrirhugaðar framkvæmdir í Garði og við austurenda skólahússins. Þá er stefnt að því að flytja bókasafnið í skólahúsið á þarnaesta ári. Safninu er ætlaður staður þar sem nú er íbúð á efstu hæð í austurenda skólahússins. Þá er fyrirhugað að flytja aðstöðu fyrir list- og verkgreinar þar sem nú er íbúð í kjallara í austurenda skólahússins.

### **6. Héraðsskólahúsið, staða og framtíð**

Skm. fylgdi úr hlaði, en hann situr í hugmyndanefnd ásamt Gunnari Þorgeirssyni og Margeiri Ingólfssyni.

Ragnar Sær lagði fram bréf til kynningar frá Kristveigu Halldórsdóttur og Öldu Sigurðardóttur (*fskj. 5*) þar sem þær óska eftir afnotum af húsinu til að endurtaka s.k. Gullkistu – listadaga á Laugarvatni.

Málefni hússins voru rædd nokkuð og almennt talið að rétt sé að gefa umræðunni færi á að gerjast á árinu 2005 og stefna að ákvörðun á síðari hluta ársins.

## **7. Daglegt skólastarf – nemendatölur, starfsmannamál, o.fl.**

Aðst.skm. fylgdi úr hlaði. Dreifði blaði með ýmsum tölulegum upplýsingum sem lúta að samsetningu nemendahópsins. (fskj. 6) Ennfremur fjallaði hann stuttlega um Innu – skólasóknar- og einkunnaskráningu- aðgengi nemenda og foreldra. Hann greindi frá nýrri heimsíðu skólans og fjallað um skólabrag almennt.

## **8. Önnur mál.**

a. Skm greindi frá fundi hans, oddvita of forstöðumanna stofnana um kaup sveitarfélagsins á mat af mötuneyti ML í hádegi frá og með næsta hausti. Þetta verður til reynslu til að byrja með.

b. Skm. greindi frá fyrirhugðari starfsmannaferð til Oxford og nærsveita í lok maí á næsta ári, að lokinni brautskráningu.

c. Fyrirhugaður er fundur með slökkviliðsstjóra Brunavarna Árnassýslu í janúar þar sem fjallað verður um rýmingaráætlun og í framhaldi af því er ætlunin að æfa rýmingu, með reglubundnum hætti.

d. Skm greindi frá hugmynd um að bjóða einstæðum foreldrum aðstöðu í Hlíð og Mörk á hagstæðum kjörum. Þá yrði þetta húsnæði leigt sem litlar íbúðir en ekki heimavist. Þetta væri hugsað sem lausn til eins árs. Ragnar nefndi að etv ætti að miða við barnafólk frekar en einstæða foreldra. Ekki er um að ræða að hægt sé að leigja húsnæðið á sumrin, sem telst ákv. galli. Skm. falið að þróa hugmyndina áfram.

Fundi slitið kl. 12.06